

Tímamót í lífi Tinna

Blaðamaðurinn hjartahreini, Tinni, er orðinn 75 ára. Vinsældir hans virðast vera botnlausar, því myndasögurnar um ævintýri hans eru ennþá lesnar um allan heim sem nýjar væru. Höfundur þeirra var Georges Rémi, eða Hergé. Hann lést árið 1983, en Tinni lifir enn.

SÍÐUR 26-27 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. febrúar 2004 – 31. tölublað – 4. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík – sími 515 7500

SUNNUDAGUR




ÚR ÖSKUNNI Í ELDINN Sophia Hansen segist sannfærð um að Rúna dóttir hennar hafi verið gift nauðug. Hún segir hana farna úr öskunni í eldinn. Fær kannski að sjá dæturnar vor. **Sjá síðu 2**

ÍHUGAR AÐGERÐIR Viðskiptaráðherra íhugar aðgerðir til að kanna hvort stjórn SPRON hafi tryggt hagsmuni sjóðsins með samningum við Kaupþing-Búnaðarbanka. **Sjá síðu 4**

VILL EKKI RANNSÓKN Bandaríkjaforseti eyðir öllu tali um að koma á fót óháðri rannsóknarnefnd á vegum þingsins, sem ætti að fara ofan í saumana á hugsanlegum mistökum leyningu Bandaríkanna fyrir innrásina í Írak. **Sjá síðu 2**

BIRTA EKKI AUGLÝSINGU Skjár einn hefur beðið Samtök auglýsenda að gæta hagsmuna sinna eftir að Ríkisútvarpið neitaði að birta auglýsingu sem felur í sér ávarp til greiðenda afnotagjalda. **Sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG



KALT OG BJART Í REYKJAVÍK Viðast hægviðri á landinu, sist þó á annesjum. Lítilsháttar el á Norður- og Austurlandi. Hlýnar á þriðjudaginn. **Sjá síðu 6.**

DAGURINN Í DAG



SEX KÖRFUBOLTALEIKIR Heil umferð verður í InterSport-deildinni klukkan 19.15. Liðin sem mætast eru: Haukar - Grindavík, KFI - Þór, Tindastóll - KR, Breiðablik - ÍR, Snæfell - Keflavík og Njarðvík - Hamar.

Kvikmyndir	42	Myndlist	42
Tónlist	42	Íþróttir	38
Leikhús	42	Sjónvarp	44

Treysta á Björgólf Thor í Búlgaríu

Forstjóri Símans segir íslenska markaðinn ekki bjóða upp á mikinn vöxt. Síminn hyggst sækja á erlenda markaði af varkárni.

VIÐSKIPTI Fjárfesting Símans í Carrera, félagi sem er einn af kaupendum í búlgarska ríkis-símafyrirtækinu, er riflega þrjú hundruð milljónir króna. Að auki er gert ráð fyrir að Síminn komi mjög að ráðgjöf og stefnumótun hjá fyrirtækinu.

„Við teljum að við eigum bæði

mannauð og fjármuni til að leggja í fjárfestingar á erlendri grundu. Við höfum hugsað okkur að fara með varkárni og sækja út,“ segir Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans.

Hann segir að íslenski markaðurinn bjóði ekki upp á mikinn vöxt og því vilji Síminn leita út

fyrir landsteinana til þess að auka umsvif sín.

Brynjólfur segir að hann hafi í haust fengið umboð frá stjórn félagsins til þess að taka þátt í samstarfi um kaup í félaginu en að mikinn tíma hafi tekið að ganga frá endanlegu samkomulagi. Hann segir að Síminn hafi

mjög treyst á þekkingu Björgólfs Thors Björgólfssonar í skipulagningu verkefnisins og kveðst ánægður með þann hóp sem standi saman að fjárfestingunni, en auk Björgólfs og Símans eru íslensku fyrirtækin Straumur og Burðarás meðal fjárfesta í Carrera. ■



NEMENDUR Á SÝNINGU ÓLAFS ELÍASSONAR Nemendur úr Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi taka virkan þátt í sýningu Ólafs Elíassonar í Listasafni Reykjavíkur. Gunnar J. Arnason listheimspekingur flytur fyrirlestur um Ólaf Elíasson á safninu klukkan 15 í dag.

Samfylkingin:

Stefnir í formannslag

SUNNUDAGSVIÐTAL „Ég hef fyrir löngu sagt að ég stefni að því að verða formaður áfram ef guð og gæfan lofa. Það kemur einfaldlega í ljós hvort það verður mótframboð. Þannig er lýðræðið,“ segir Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, í viðtali við Fréttablaðið. Samkvæmt þessu stefni í formannslag í Samfylkingunni á næsta ári, því Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, hefur þegar lýst því yfir að hún muni bjóða sig fram til formanns þá.

Færeyjar:

Ný stjórn

FÆREYJAR Formenn Jafnaðarflokksins, Sambandsflokksins og Fólka-flokksins í Færeyjum undirrituðu stjórnarsamning um miðjan dag í gær. Á þriðjudaginn verður haldinn þingfundur, þar sem nýr lögmaður verður kosinn og ráðherra-listi stjórnarinnar kynntur.

Ólíklegt þykir að Anfinn Kallsberg, leiðtogi Fólka-flokksins, verði ráðherra í nýju stjórninni. Báðir hinir stjórnarflokkarnir hafa lýst yfir algeru vantrausti á Kallsberg vegna ásakana um fjárdrátt. ■

Ísland fyrir hundrað árum

Í dag eru liðin hundrað ár frá því Ísland fékk heimastjórn og fyrsti ráðherrann, Hannes Hafstein, var skipaður í embætti. En hvernig var um að litast á Íslandi fyrir hundrað árum?



SÍÐUR 24-25 ▶

Nýir eigendur Flugleiða



Hannes Smárason og tengdafaðir hans, Jón Helgi Guðmundsson, ætla sér stóra hluti með kaupum sínum á ráðandi hlut í Flugleiðum. Hannes er líklegur stjórnarformaður. Hann segist sjá fjölmörg tækifæri í félaginu.

SÍÐUR 16-17 ▶